

er í Reykjavík og 2 óvilhallir dómkvaddir menn meta. Um matarverðið, sem reiknast frá 18. nóvbr. 1883 til 14. maí 1884, sekt og málskostnað, skal lögregluþingsdóminum óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi hinni stefndu með 10 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júlímán.

Nr. 23/1884

Jón Jónsson

gegn

Ole Joh. Halldórsen.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 13. desbr. f. á. í máli, sem Jón kaupmaður Jónsson hafði höfðað gegn Ole Joh. Halldórsen út af skuld, er Jón þóttist eiga hjá Ole Halldórsen, var Ole Halldórsen dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Jóns kaupmanns Jónssonar, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Jón Jónsson kaupmaður áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 12. maímán. þ. á., og krafist, að hinn stefndi, Ole Halldórsen, verði dæmdur til að greiða sjer 127 kr. 32 aura með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 24. okt. 1883, þangað til þessu fje er að fullu lokið, og allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, Ole Joh. Hall-

dórsen, krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda, sem og að áfrýjandi verði sektaður um 60 kr., eða eptir því sem yfirdómurinn metur, fyrir óþarfa þrætugirni.

Mál þetta er svo vaxið, að hinn stefndi ávísaði áfrýjanda (með ávísunarbjefti) 27. nóvbr. 1879: 127 kr. 32 a., er Jóhan nokkur Lange, kaupmaður í Bergen, var beðinn að greiða, en sem hann ekki vildi gjöra. Hermir áfrýjandi, að hann hafi greitt hinum stefnda þetta fje að mestu í peningum, að nokkru í reikningi, þegar hann gaf út ávísunina, og sje hinn stefndi því skuldugur sjer um þessa upphæð, en ávísunin sje næg sönnun fyrir, og beri að skoða hana sem handskrift fyrir skuldinni. Hins vegar hefur hinn stefndi staðhæft, að áfrýjandi hafi alls ekki greitt sjer neitt fyrir ávísunina, nje eigi neitt hjá sjer, heldur hafi hann ætlað að lána honum þetta fje.

Með því nú áfrýjandi alls ekki hefur sannað, að hann hafi greitt hinum stefnda neitt fyrir ávísunina, nje átt neitt hjá honum, og ekki einu sinni lagt fram neinn reikning yfir viðskipti þeirra málsaðila, sem þó hljóta að hafa átt sjer stað, ef sögusögn áfrýjanda um, hvornig hann eignaðist ávísuna, er sönn, en ávísunin eins og hún er orðuð, og í sambandi við skýrslu stefnda, ekki hefur að geyma neina aðra skuldbindingu fyrir hinn stefnda en í mesta lagi loforð um að lána áfrýjanda upphæð þá, sem hún um getur, þá verður að sýkna hinn stefnda af kærum og kröfum áfrýjanda í þessu máli, og ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður.

Ekki getur yfirdómurinn fallist á, að ástæða sje til að sekta áfrýjanda fyrir óþarfa málsýfingu.

Dvíðæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 6/1884

Rjettvísín

gegn

Bjarna Grímssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Ísa-fjarðarkaupstaðar 26. okt. f. á., var hinn ákærði, Bjarni Grímsson dæmdur fyrir þjófnað til fangelsis við vatn og brauð í 5 daga og til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, alþingismanns Th. Thorsteinssonar, 4 kr. Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins eins og honum líka er áfrýjað af hálfu hins opinbera.

Það er með eigin játningu hins ákærða, Bjarna Grímssonar, og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann í fyrra haust tók til sín 10 króna gullpening, er var meðal annara peninga á kofforti úti á stræti á Ísafirði niður við sjó. Höfðu peningar þessir verið teknir upp úr koffortinu af sýslumanni og mönnum, sem með honum voru, og látnir ofan á koffortið. Peningurinn var litlu eptir tekinn af hinum ákærða; Þegar ákærði tók peninginn var hann nokkuð drukkinn, en þó ekki svo, að því fram er komið í málinu, að álitid verði, að hann hafi ekki fyllilega verið sjer